

um að leggja 3. spurningu á réttaskjali nr. 26 fyrir nefnt vitni. Úrskurður sama réttar, er snertir vitnið Herbert Sigmundsson, á að vera óraskaður.

Málkostnaður falli niður.

Nr. 9/1910:

Réttvísing

gegn

Vilhelmínu Hjaltadóttur.

D ó m u r:

Með aukaréttardómi Ísafjarðarsyslu, uppkveðnum 7. desbr. f. á., var hin ákærða Velhilmína Hjaltadóttir, gift kona í Hnífsdal, dæmd til refsingar, einfalds fangelsis í 14 daga, eftir 286. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869 og til að greiða allan sakarkostnaðinn í héraði, þar á meðal 8 kr. í málsvarnarlaun fyrir aukaréttinum. Dómi þessum hefir verið áfrýjað til yfirdómsins eftir ósk hinnar ákærðu.

Hin ákærða er í máli þessu sökuð fyrir að hafa valdið eldsvoða með því að gæta ekki almennrar várkárni, og er það í þessu efni sannað í málinu, að hús það, er hún og maður hennar Helgi Kristjánsson áttu í Hnífsdal, brann til kaldra kola um dagtíma 2. júlí f. ár, og töluvert af lausafé, er þau hjónin áttu og aðrir, er í húsinu bjuggju, en eldurinn kom upp á þá leið, að ákærða, er ætlaði að elda í eldavelinni í húsinu, holti steinolíu á spýtur, er hún notaði til uppkveikju, lagði þær í vélina

og kveikti í þeim með eldspýtu, en ein af spýtum þessum var svo löng, að hún komst eigi öll inn í eldholið á vélinni, en stóð út úr eldavélinni, og varð vélinni því eigi lokað. Oliunni helti ákærða á spýturnar úr 6 potta brúsa og lét síðan brúsann »til hliðar við eldavélina á járnplötu, (sem stóð) framundan henni«, eins og þessu er lýst í prófunum. En er loga tók á spýttunni, er stóð út úr eldavélaropinu, féll neisti af henni eða skar ofan í olíubrúsann, en opið á honum var svo vítt, að tveir fingur gátu vel komist ofan í það, og enginn var tappi í brúsanum. Kviknaði þá þegar í oliunni, því hún virðist hafa verið heit af sólarhita, þar sem brúsin hafði staðið úti í sólskini um daginn, en nýbúið var að sækja hann út; brúsinn sprakk og logandi steinolian slettist út um alt eldhúsið svo að kviknaði í húsinu og það brann til kaldra kola, eins og áður segir. Kviknaði þá og í fötum hinnar ákærðu, en það varð slökt, án þess hana sakaði verulega. Húsið var váttrygt, en eigi lausafé, sem í því var, en eigendur þess hafa afsalað sér rétti til skaðabóta.

Það verður nú að vísu að líta svo á, að hin ákærða hafi með því að setja steinolíubrúsann tappalausán rétt við ólokað op eldavélarinnar, er logandi spíta stóð fram úr, sýnt skort á almennri varkárni, og að þessi óvarkárni hennar hafi verið orsök brunans, en þar sem þeir, er skaða biðu við brunann, hafa afsalað sér rétti til skaðabóta, og þetta verður að jafngilda því, að skaðinn hafi verið bættur af hinnar ákærðu, verður hún eigi dæmd til refsingar samkvæmt 286. gr. hegningarlaganna eða annari hegningarlaga-ákvörðun, og verður að sýkna hana í málinu. Allur kostnaður sakarinnar, bæði í héraði og fyrir

yfirdómi, verður eftir þessum úrslitum að greiðast úr landssjóði, þar með talin málsvarnarlaun í héraði, 8 kr., og málfutningslaun til hins skipaða sækjanda og hins skipaða verjanda við yfirdóminn, er ákveðast 12 kr. fyrir hvorn þeirra.

Það er aðfinsluvert, að héraðsdómarinn hefir ekki lagt fram málshöfðunarskipun stjórnarráðsins, en að öðru leyti vottast, að rekstur málsins í héraði hefir verið víta-
laus og málsfærslan við yfirdóminn lögmat.

Því dæmist rétt vera:

Ákærða Vilhelmina Hjaltadóttir á að vera sýkn af ákæru réttvísinnar í máli þessu. Allur löglegur kostnaður sakarinnar, bæði í héraði og fyrir yfirdómi, greiðist úr landssjóði, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda í héraði, emeritprests Guðmundar Guðmundssonar 8 kr., og málfutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, yfirréttarmálafærslumannanna Odds Gíslasonar og Eggerts Claesens, 12 kr. til hvors.

Nr. 4/1910: Björn Jónsson ráðherra f. h. landstjórnarinnar og Björn Kristjánsson og Björn Sigurðsson bankastjórar f. h. landsbankans
gegn

Krisjáni Jónssyni háyfirdómara og
Jóni Magnússyni bæjarfógeta

D ó m u r:

Í bréfi til bæjarfógetans í Reykjavík, dags. 3. janúar